

Sp.

201. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. N. hefur haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta. Í ljós hefur komið, að útgerðarkostnaður bátanna hefur aukizt mjög mikið, enda hafa fargjöld eigi hækkað s. l. tvö ár. N. hafði því samráð við viðkomandi ráðuneyti um, að fargjöld og fargjöld yrðu hækkuð a. m. k. um 15% og fargjöld milli Reykjavíkur og Akraness yrðu hækkuð um 20%. Þrátt fyrir þessa hækkun, sem ætlað er til, að ráðuneytið hlutist til um, að framkvæmd verði, hefur n. neyðzt til að hækka framlög til flóabátanna. Tillögur n. eru við það miðaðar, að tryggt sé, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu og til einstakra byggðarlaga, þar sem örðugleikar eru á samgöngum.

Undanfarin ár hefur styrkur verið veittur til nokkurra snjóbifreiða. Þeim umsóknum hefur farið fjölgandi. Viðkomandi byggðarlög telja brýna nauðsyn bera til þess, að rekstur snjóbifreiða sé styrktur af almannafé, m. a. vegna þess, að víða vantar héraðslækna, og það getur því verið lífsnauðsyn, að byggðarlögin hafi ráð á snjóbifreið, ef flytja þarf sjúkling eða sækja lækni. Nefndin hefur því eigi séð sér annað fært en að leggja til, þar sem staðhættir eru slíkir, að rekstur snjóbifreiða verði styrktur um 100—120 þús. á bifreið. Eru það eigi háir styrkir, þegar þess er gætt, að kaupverð snjóbifreiða mun vera um 1 millj. kr., auk þess sem rekstrarkostnaður og fyrning nemur verulegum fjárhæðum.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Síðan kaupstaðirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður fengu akvegasamband, þurfa þeir aðeins á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. Í vetur hafa verið mikil snjóalög fyrir norðan, þannig að Drangur hefur reynt þessum kaupstöðum mjög nauðsynlegur. Báturinn heldur einnig uppi ferðum til Grímseyjar og fleiri staða norðaustanlands. Samkvæmt rekstrarreikningi bátsins virðist óhjákvæmilegt að hækka framlag til hans frá því, sem var s. l. ár, og leggur n. til, að framlagið hækki úr 9 millj. í 4½ millj. Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar hækki um 50 þús. kr. N. leggur enn fremur til, að veittar verði 200 þús. kr. til Strandabáts. Þessi bátur annast farþega og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpuvíkur og Gjögurs í Árneshreppi.

Lagt er til, að Hríseyjarbátur fái 300 þús. kr. í rekstrarstyrk og 200 þús. kr. í stofnstyrk. Enn fremur er lagt til, að styrktur verði rekstur nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að framlag til Mjóafjarðarbáts hækki um 70 þús. kr. Mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóbífreiða á Austfjörðum vegna læknisþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþunga fjallvegi. Nefndin leggur því til, að veittir verði rekstrarstyrkir til allmargra snjóbífreiða í þeim fjórðungi.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í V.-Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir, og hafa þeir því verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár. Til þessara vöruflutninga voru veittar 1300 þús. kr. s. l. ár. Nefndin leggur til, að þessi styrkur verði hækkaður um 200 þús. kr. og verði 1.5 millj. árið 1973. Til vatna-dreka á Skeiðará leggur n. til, að veittar verði 90 þús. kr. og framlög til Vestmanna-eyjabáts hækki um 100 þús. kr. og verði 800 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur Akraborgar, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur reynzt fjárhagslega örðugur. Horfur eru á, að svo verði einnig á næsta ári. Nefndin ætlar til, að fargjöld hækki um 20% frá næstu áramótum að telja, en þrátt fyrir það telur hún óhjákvæmilegt að hækka rekstrarstyrk Akraborgar um 1300 þús. kr. eða úr 5.2 millj. í 6.5 millj. Akraborgin hefur mjög litla vöruflutninga, tekjur hennar eru aðallega af fólksflutningum. Deila má um, hvort rétt sé að hafa jafnstórt og dýrt skip í rekstri milli nefndra staða, en eigi hefur orðið samkomulag í nefndinni að gera á því róttækar breytingar.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi á alltaf í fjárhagserfiðleikum. Verulegar skuldir hvíla á skipinu og verkefni eru of lítil. Hins vegar virðist óhjákvæmilegt að hafa bát til vöru- og fólksflutninga á Breiðafirði, en þörf væri á, að athugun færi fram á því, hvort báturinn gæti eigi haft meiri verkefni. Reynist slíkt ekki gerlegt, væri athugandi, hvort eigi mætti komast af með bát, sem væri ódýrari í rekstri. Þyrfti slík athugun að fara fram á vegum ráðuneytisins eða hún yrði framkvæmd af einstökum mönnum, sem til þess væru valdir. Báturinn fékk 5 millj. kr. í rekstrarstyrk og 2 millj. í byggingarstyrk á s. l. ári, en nefndin álitur óhjákvæmilegt, að á næsta ári fái hann 8 millj. kr. í rekstrarstyrk og 2 millj. kr. í byggingarstyrk.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúanna í V.-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga, þegar eigi er bílfært. Báturinn virðist vel rekinn. Hann fékk 3.5 millj. í rekstrarstyrk á síðustu fjárl., en það reyndist fulllitið styrkur. Leggur n. því til, að hann fái 4.5 millj. kr. í rekstrarstyrk og 100 þús. kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði gegn því, að báturinn fari tvær ferðir í viku, þegar þess gerist þörf vegna mjólkurflutninga.

Nefndinni þykir leitt, hve framlög til báta hafa hækkað, en hún sér eigi fært að hafa tillögur sínar lægri, vegna þess að allur rekstrarkostnaður við bátana hefur stórhækkað s. l. tvö ár, og nemur sá kostnaðarauki 40—60%.

Nefndin vill taka fram, að skilyrði fyrir því, að styrkur þessi verði veittur og greiddur, er, að rekstri bátanna verði hagað þannig í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að þjónustan við hinar dreifðu byggðir verði sem fullkomnust.

Mjög margir aðilar hafa beðið um rekstrarstyrki til snjóbífreiða. Hefur n. lagt til, að slíkir styrkir verði veittir, þar sem um mikil snjóþyngsli er að ræða, og þá einkum með tilliti til þess, að bífreidarnar séu notaðar til að greiða fyrir læknisþjónustu.

Samkvæmt þessu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóþífreiða og vöruflytninga verði á árinu 1973 33 millj. 225 þús. kr., og skiptist sú upphæð þannig:

1. Norðurlandsbátur	4 500 þús. kr.
2. Til Strandaferða	200 — —
3. Hriseyjarbátur	300 — —
Sami, stofnkostnaður	200 — —
4. Grímsey, vegna flugferða	300 — —
5. Til snjóþífreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	120 — —
6. Mjóafjarðarbátur	420 — —
7. Snjóþífreið í Vopnafirði	120 — —
8. Snjóþífreið á Fjarðarheiði	600 — —
9. Snjóþífreið á Fagradal	160 — —
10. Snjóþífreið í Oddsskarði	450 — —
11. Snjóþífreið í læknishéruðunum á Fljótsdalshéraði	100 — —
12. Snjóþífreið í Borgarfirði eystra	120 — —
13. Snjóþífreið Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	120 — —
14. Til vöruflytninga á Suðurlandi	1 500 — —
15. Til vatnadreka á Skeiðará	90 — —
16. Vestmannaeyjar vegna mjólkurflytninga	800 — —
17. H/f Skallagrímur	6 500 — —
18. Mýrabátur	25 — —
19. Til vetrarflytninga í Breiðavíkurhreppi	75 — —
20. Stykkishólmsbáturinn Baldur	8 000 — —
Sami, byggingarstyrkur	2 000 — —
21. Langeyjarnesbátur	160 — —
22. Snjóþífreið í A.-Barðastrandarsýslu	100 — —
23. Til vetrarflytninga í V.-Barðastrandarsýslu	385 — —
24. Dýrafjarðarbátur	90 — —
25. Snjóþífreið um Botnsheiði	150 — —
26. Djúpbáturinn h/f — Fagranes	4 500 — —
Sami, vegna mjólkurfl. úr Dýrafirði	100 — —
27. Snjóþífreið í Þórshafnarhéraði	100 — —
28. Til vetrarflytninga í Haukadal	50 — —
29. Snjóþífreið á Akureyri	120 — —
30. Vetrarflytningar á Lónsheiði	120 — —
31. Snjóþífreið, Axafjörður—Kópasker	200 — —
32. Snjóþífreið á Hólmavík	150 — —
Sami, stofnstyrkur	200 — —
33. Snjóþífreið í Hálshreppi, S.-Þing.	100 — —

Samtals 33 225 þús. kr.

Björn Jónsson var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1972.

Björn Pálsson,	Garðar Sigurðsson,	Páll Þorsteinsson,
form. Nd.-nefndar. fundaskr.	Nd.-nefndar, með fyrirvara. fundaskr.	Ed.-nefndar.
Stefán Valgeirsson,	Helgi F. Seljan.	Ásgeir Bjarnason.
frsm.		
Ásgeir Pétursson.	Steinþór Gestsson.	Pétur Pétursson.
Jón Árm. Héðinsson.	Friðjón Þórðarson.	Karvel Pálmason.
	Sverrir Hermannsson.	